

# BÓT

ADGERÐAHÓPUR UM  
BÆTT SAMFÉLAG

FRÉTTA TILKYNNING

Stendur fyrir Borgarafundi í Ráðhúsi Reykjavíkur miðvikudagskvöld  
8. september næstkomandi kl. 20:00 til kl. 22:00 undir yfirskriftinni

## "Fátækt á Íslandi - Lágmarksframfærsla?"

**Við** krefjumst réttlátara og einfaldara bótakerfis !

**Við** viljum vinna gegn fátækt í verki !

**Við** viljum eiga milliliðalaus samskipti við stjórnvöld um tafarlausar úrbætur í málefnum þeirra sem minnst mega sín !

**Við** viljum að raunveruleg lágmarksframfærsla verði útreiknuð og opinberuð, en ekki falin í skúffum ráðalausra embættismanna !

**Við** viljum að enginn þjóðfélagsþegn þurfi að svelta vegna getuleysis ómanneskjulegs kerfis !

Fundarstjóri verður séra Þórhallur Heimisson.

Frummælendur verða: Talsmenn öryrkja, aldraðra, atvinnuleitenda ásamt félagsbóta- og láglaunaþegum og fulltrúum hjálparsamtaka.

Á fundinn hafa verið boðaðir ýmsir fulltrúar stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga, hagsmunasamtaka og félagasamtaka sem tengjast efni fundarins.

Þeir sem boðaðir hafa verið eru meðal annars eftirtaldir:

Steingrímur J. Sigfússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðbjartur Hannesson, Ögmundur Jónasson, Gylfi Arnbjörnsson, Vilhjálmur Birgisson, Hjálmar K. Jónsson, Ásta Sigrún Helgadóttir, Stella Kristín Víðisdóttir, Elín Björg Jónsdóttir, Guðmundur Magnússon, Gissur Pétursson, Björk Vilhelmsdóttir, þingmenn og fleiri og fleiri.

Tekið verður við skriflegum fyrirspurnum frá þeim sem ekki eiga heimangengt, á netfangið [botfang@gmail.com](mailto:botfang@gmail.com) til kl. 18 á fundardag. Fundargestir eru einnig hvattir til að mæta með tilbúna og gagnýrtar spurningar.

Vakin er athygli á 25. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinu þjóðanna.